

**Fundur í skólaráði Þingeyjarskóla, haldinn í Þingeyjarskóla mánudaginn
11.febrúar 2019 kl. 13:00 –15:00**

Mætt voru: Jóhann Rúnar Pálson skólastjóri, Mjöll Matthíasdóttir og Katla Valdís Ólafsdóttir fulltrúar kennara. Sunna Sæmundsdóttir fulltrúi almenns starfsfólks. Árni Garðar Helgason fulltrúi grenndarsamfélagsins. Snorri Sigurðsson fulltrúi foreldra grunnskólanemenda. Jóhanna Snæbjörnsdóttir og Arney Dagmar Sigurbjörnsdóttir fulltrúar nemenda. Nanna Marteinsdóttir fulltrúil eikskóladeildar, Sigurður Narfi Rúnarsson fulltrúi foreldra leikskólanemenda.

Dagskrá:

1. Erindi frá sveitarstjórn; Leikskólinn Barnaborg 1804047. Flutingur á leikskólastarfsemi úr lðjugerði 2 yfir í sameiginlegt húsnæði með grunnskóla og tónlistardeild.
2. Starfsáætlun grunnskóladeildar Þingeyjarskóla - kynning á drögum.
3. Tímasetningar á stundatöflu grunnskóladeildar.
4. Önnur mál.

1. Skólastjóri Jóhann Rúnar Pálsson bauð alla velkomna til fundar og kynnti fundarmenn. Hann ásamt Nönnu kynnti teikningar að leikskóladeild í suðurkjallara skólabyggingar. Teikningar hafa verið unnar í samstarfi við starfsfólk. Skólaráð fagnar þessum áætlun um færslu leikskólans.
2. Kynnt drög að starfsáætlun skólans sem er í vinnslu. Skólaráðs kynnti sér kaflaheiti áætlunarinnar. Fram kom ábending frá nemenum um að kafla vantar um félagslíf.
3. Jóhann ræddi tímasetningar á stundatöflu nemenda. Upp hefur komið umræða um að færa síðasta tíma á föstudegi yfir á miðvikudag. Málið rætt. Skólaráð hvetur til þess að viðhorf foreldra verði kannað til þannig breytinga.
4. Ytra mat verður framkvæmt á grunnskólanum nú á vorönn. Stefnt að næsta fundi í mars, þar sem m.a. verður fjallað um skóladagtal. Nemendur bentu á að endurnýja þarf bolta.

Jóhann þakkaði góða fundarsetu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og samþykkt.

Mjöll Matthíasdóttir ritaði.